



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 6. desember 2021
SFS2021050201
221. fundur
HG/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi málefni Fossvogsskóla.

Á 209. fundi skóla- og frístundaráðs 25. maí 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks í ráðinu fram eftirfarandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um áætlanir varðandi málefni Fossvogsskóla. Hvaða áform eru um viðgerðir á mygluvandamálum í Fossvogsskóla? Hafa áætlanir verið gerðar og tímasettar? Sömuleiðis er óskað upplýsinga um hvort gerðar hafa verið aðrar áætlanir um skólahald fyrir nemendur í Fossvogsskóla, gangi áform um viðgerðir ekki eftir. Og þá í hverju þær áætlanir felast. Munu þær áætlanir verða kynntar starfsfólki, nemendum og foreldrum þeirra um leið og þær liggja fyrir?

Svar:

Skólastarfi í Fossvogsskóla er í desember 2021 þannig háttað að 5. – 7. bekkur er í fullbúnu skólahúsnæði í Korpuskóla og 2. – 4. bekkur hefur aðsetur í nýjum einingahúsum á lóð Fossvogsskóla. 1. bekkur er í Útlandi, húsnæði frístundar við Fossvogsskóla (einingahús). Samkvæmt áætlunum fer skólastarfið fram í þessari aðstöðu til loka skólaárs 2021-2022.

Á fundi borgarráðs þann 4. nóvember 2021 var samþykkt að bjóða út framkvæmdir við lagfæringar og endurbætur á húsnæði Fossvogsskóla. Samkvæmt bréfi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. nóvember 2021, til borgarráðs er áætlað að allt skólastarf í Fossvogsskóla verði í Fossvogsdal haustið 2022. Börn muni þá stunda nám í tveimur uppgerðum byggingum, Austurlandi og Vesturlandi og að hluta til einnig í einingahúsum á lóð skólans. Áætlað er að framkvæmdum við þriðju bygginguna, Meginland, ljúki haustið 2023.

Tryggt verður að upplýsingar um framvindu framkvæmda og stöðuna á hverri byggingu fyrir sig berist reglulega til foreldra og verður lögð megináhersla á að þær fari í gegnum skólaráð þar sem fulltrúar allra hagaðila sitja. Einnig verða upplýsingar settar inn á framkvæmdasjá borgarinnar eins og verið hefur.